

Fjömennasta árshátíð LR frá upphafi

ÁRSHÁTIÐ LÆKNAFÉLAGS REYKJAVÍKUR VAR HALDIN laugardaginn 19. janúar á Broadway-Hótel Ísland í lok Læknadaga. Þátttaka var mjög góð og komu 645 gestir en það er besta þátttaka á árshátíð í sögu félagsins. Hátíðin hófst með því að Ólafur Þór Ævarsson formaður Læknafélags Reykjavíkur bauð gesti velkomna. Þá söng heimilislæknakórinn lagið „You don't own me“ og tileinkaði það Jóni Kristjánssyni heilbrigðisráðherra sem var heiðursgestur ásamt frú Margrétu Einarsdóttur. Jóhannes Kristjánsson eftirherma og grínisti fór á kostum og Sigrún Hjálmtýsdóttir og Ólafur Kjartan Sigurðarson sungu sig inn í hjörtu viðstaddra. Ánægjulegt var hve margir unglæknar tóku þátt í hátíðinni. Einnig komu margir læknar af eldri kynslóðinni sem ekki höfðu verið á árshátíð LR í mörg ár. Þeir elstu héldu upp á 50 ára útskriftarafmæli sitt. Margir læknar af landsbyggðinni voru mættir og vitað er að nokkrir læknar komu

erlendis frá til að hitta gamla vini og skólafélaga. Sú ánægjulega hefð að útskriftarárgangar lækna hittist á árshátíð LR er nú aftur að festast í sessi. Höfðu margir orð á því að það væri góður endir á Læknadögum, eftir að hafa hlýtt á fagleg fræðsluerindi og vandaða umræðu um læknisfræðileg málefni, að endurnýja gamlan vinskapa og mynda ný tengsl. Árshátíðin var hin glæsilegasta í alla staði og læknum til sóma. Við birtum hér nokkrar myndir sem Jón Svavarsson tók á hátíðinni.



Elínborg Bárðardóttir var veislustjóri.



Unglæknar voru áberandi margir á árshátíðinni.



Ólafur Þór Ævarsson formaður LR setur árshátíðina.



Maturinn þótti ekki slæmur.



Á myndinni hér til vinstri sést háborðið þar sem stjórn LR sat með gestum sínum, frá vinstri: Margrét Georgsdóttir, Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra, Sigríður Snæbjörnsdóttir eiginkona Sigurðar Guðmundssonar landlæknis, hann sjálfur, Margrét Einarsdóttir eiginkona ráðherra, Ólafur Þór Ævarsson formaður LR og eiginkona hans, Marta Lárusdóttir.



Kór kvenkyns heimilislækna syngur til ráðherra.

Menn voru klæddir í sitt finasta þúss eins og sæmir á árhátíð.



Agnes Wold frá Svíþjóð var einn af erlendum fyrirlesurum Læknadaga. Hún er hér í félagsskap Ólafar Sigurðardóttur, formanns Félags kvenna í læknastétt á Íslandi.



Þessi hópur hélt upp á fimmtíu ára útskriftarafmæli, talið frá vinstri: Tómas Helgason, Víkingur Arnórsson, Stefánía Gísladóttir kona hans, Guðrún Jónsdóttir eiginkona Páls Sigurðssonar sem stendur við hlið hennar.